

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir bílapartasölur og skyldan rekstur

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur bílapartasölur og skyldan rekstur þar sem fram fer niðurrif vélknúinna farartækja.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Áður en heimilaður er rekstur partasölu eða verkstæðis þar sem niðurrif bíla eða tækja á að fara fram skal liggja fyrri samþykki byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslsvæða. Lausamuni er fylgja starfsemi skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olú né séu til lýta í umhverfi.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhrað, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaferi eða valdi slyshættu. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.
- 2.3 Bifreiðar, þungavinnutæki eða annað sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppráttum sem slíka geymslu.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olúur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olúhrensiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhrensna sem hæfa olúgildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olúur eða olúefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.5 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.

4. Geymsla á olú og olúefnum

- 4.1 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolúu í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Notaðar, ópressaðar olúsiur, úrgangsolía, rafgeymar og frostlögur teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olúsiúm má skila með öðrum málmúrgangi.
- 5.2 Rekstraraðila ber að koma olúmenguduðum jarðvegi til viðurkenndra móttökuaðila þegar í stað.
- 5.3 Ganga skal þannig frá olúsiutuduðum úrgangi þar til honum er fargað að ekki sé hætta á mengun.
- 5.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.5 Halda skal nákvæma skrá yfir skil á spilliefnum svo og tæmingu á sandfangi og olúgildru. Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.